

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax Arnarlax



Dags eftirlits	20.6.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax	Fulltrúi UST	
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Iða Marsibil Jónsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en athugasemd var gerð við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Fjögur frávik komu fram við síðasta eftirlit en fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar á þeim öllum.

Fyrstu seiðin komu í kvíarnar í lok maí nú í ár og þegar eftirlit fór fram hafði verið sett í þrjár af sex, 120m kvíum sem búið er að koma upp á svæði B, við Haganes í Arnarfirði.

Fóðrað er frá bát við kvíar og verið er að útbúa sérhæfðan bát sem nota á í framtíðinni. Í dag er notast við bráðabirgðabát.

Farið var yfir gr. 4.3 í starfsleyfi og bent á möguleikann á umsókn um fækkun eftirlitsferða sé fyrirtækið með staðlað innra eftirlit eða hefur verið frávikalaust í fjögur ár samfleytt. Einnig var farið yfir hvatningakerfi stofnunarinnar og birtingu vottana á fyrirtækjasíðu rekstraraðila á www.ust.is, sem og viðurkenningu fyrir frávikalaus ár.

Minnt var á að skv. vöktunaráætlun í gr. 5.1 í starfsleyfi, er gert ráð fyrir sýnatökum við Haganes í ár. Bent var á að rekstraraðili þarf að hafa samband við sýnatökuaðila og biðja um þessar sýnatök með fyrirvara og senda niðurstöður mælinganna á ust@ust.is þegar þær berast.

ATHUGASEMDIR

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi, eða staðfestingu þess efnis að engin starfsemi færi fram hjá fyrirtækinu hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Rekstraraðili sendi tölvupóst þann 2. júlí sl. þar sem staðfest er að engin starfsemi var hjá fyrirtækinu árið 2013 og því engin göng til fyrir bókhöldin.

ANNAÐ

Eftirlitsaðili sendi rekstraraðila leiðbeiningar v. útstreymisbókhalds og græns bókhalds með tölvupósti þann 2. júní sl.

Fyrirtækið hefur sent inn erindi til Skipulagsstofnunar þar sem beðið er um úttekt á því hvort fyrirhuguð stækkun eldisins þurfi í umhverfismat. Svar hefur ekki borist frá stofnuninni.

Reykjavík, 02.07.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.